

Mál nr. 407/2009

M og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar Í

Starfsmaður slasaðist við vinnu í stiga þ.7.3.2008.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 18.11.2009 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 30.11.2009 ásamt fylgiskjali og tölvusamskiptum.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá Í og átti að koma fyrir ásláttarbúnaði á gám og var í 4. metra löngum lausum stiga sem stillti var upp við pall tengivagns. Þegar M var í 5. þrepi stigans og var að fara niður rann stiginn frá að neðan með þeim afleiðingum að M féll á tengivagninn og slasaðist. M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að fyrirkomulag á vinnustað hafi ekki samræmst reglum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum í því sambandi er vísað til 1.mgr. 65.gr. a í lögnum og 21.gr. laganna. Þá er því haldið fram að skylda verkstjóra til að sinna verkstjórn og eftirliti falli ekki niður eða minnki þó að um reynda starfsmenn sé að ræða sbr. 21. Og 23.gr. laga 46/1980. V hafnar bótaskyldu og heldur því fram að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi Í. Þá er vísað til þess að M hafi verið reyndur smiður og hefði starfað hjá Í rúm 3 ár. Þá segir V að um einfalt verk hafi verið að ræða og M hafi alfarið séð um framkvæmd þess og hann hafi vitað um þá hættu að festa stigann ekki að neðan. Slysið verði alfarið rakið til gáleysis M sjálfs og/eða óhappatilviks en ekki atvika sem varði vátryggingataka eða starfsfólk hans. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að öryggis og heilbrigðisáætlun um verkið hafi legið fyrir og í henna segi m.a. að festa skuli alla lausa stiga.

Álit.

M er vanur og faglærður starfsmaður sem hafði unnið hjá Í í rúm þrjú ár þegar slysið varð. Fyrir liggur að hann fór ekki eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrirtækisins þar sem kveðið er á um notkun lausra stiga. Slys M verður því rakið til þess að M fór ekki eftir þeim fyrirmælum sem honum höfðu verið gefin um meðferð og notkun á lausum stigum. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V þar sem sök verður ekki felld á Í vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 22.12 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.